



Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs
Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að
Grindavík

Viðauki: Óbrennishólmi og næsta nágrenni



Unnið fyrir Vegagerðina
Bjarni F. Einarsson.
Reykjavík, Júlí 2002.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði Fornleifafræðistofan nýja veglínu yfir Ögmundarhraun í Grindavík, eða frá austurbrún Ögmundarhrauns og á milli Húshólma og Óbrennishólma og nokkur hundruð metra til vesturs. Einnig var Óbrennishólmi kannaður. Eldri veglínur hafa áður verið kannaðar og hluti Húshólma (Bjarni F. Einarsson 2000).

A.m.k. 50 m breitt svæði ofan og neðan við hina fyrirhuguðu línu var kannað.


Farið var í gegn um nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Friðlýsingarskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fornleifa leitað.

Vettvangsvinna fór fram þann 18. júní síðastliðinn.

Umboðsmaður verkkaupa var Jón Valgeir Sveinsson.

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 27 frá norðri. Ljósm. BFE.



Mynd 1. Staðsetning fornleifa nr. 27 í Óbrennishólma. Loftmynd Vegagerðin. Viðbætur BFE.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði fundust einar fornleifar (nr. 27). Skammt hjá þeim mun vera friðlýstur garður (sjá fornleifaskrá), en hann sást ekki við

vettvangskonunnun nú. Garðurinn mun vera vestur af fornleifum nr. 27 og liggja upp eða norður Óbrennishólma (sjá meðfylgjandi fornleifaskrá og Fornleifasrká 1990:12).

Fornleifar nr. 27, fjárborg, eru frá 1550 - 1900 og hafa talsvert minjagildi. Þær eru utan við hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði og því ekki í neinni hættu þeirra vegna, en þó ber að vara við allri umferð vinnuvéla um svæðið og hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur annarsstaðar. Hinn friðlýsti garður gæti verið mun eldri en rúst nr. 27 og hefur trúlega hátt minjagildi. Hann gæti verið í tengslum við garða sem finna má í Húshólma og því verið frá fyrstu byggð í landinu. Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að garðurinn gangi lengra til suðurs og að hann sé heill að einhverju leyti undir hrauninu, en svo virðist vera með garðana í Húshólma. Grafið var í einn garðinn fyrir rúmum áratug og virtist hann liggja undir hraunið (Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988).

Í sóknarlýsingu frá 1840 er sagt að fjárborgirnar hafi verið tvær, misstórar (Sýslu- og sóknarlýsingar 1988:214). Hugsanlega eru leifar annarar fjárborgarinnar skammt austur af þeirri sem nú er skráð (nokkra tugir metra á lægri hól!).

Skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar eldri en 100 ára friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar fornleifarnar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ákvæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Niðurstaða

Fornleifar fundust á einum stað, en það voru minjar um hugsanlega fjárborg í sunnanverðum Óbrennishólma. Áður friðlýstar fornleifar skammt vestur af þessum fornleifum sáust ekki við vettvangskonunnun nú. Þeim hefur verið gerð skil í grein Brynjúlfs Jónssonar 1903.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifunum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til þeirra. Mælt er með því að forða Óbrennishólma frá öllu raski yfirleitt.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegur frá Þorlákshöfn að Grindavík*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1903. Reykjavík 1903.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson. „Krísuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldarlagsins.“ *Jökull*, No. 38. 1988.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979.
- Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001. Þingskjal 1490, 126.*

Fornleifaskrá

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>A>alnr.</i>
Gullbringusýsla	Grindavík	2300	27
<i>Landareign</i>	<i>Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>
Krýsuvík			1

<i>Staðfræðikort</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>M.y. sjó</i>	<i>Skekkja</i>
	N 63°50,47 W 022°11,07	-	>10

<i>Tegund minja</i>	<i>Fjöldi</i>					
Rúst	1					
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyi</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Merkja?</i>
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Talsvert	Nei
<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>		
Bjarni F. Einarsson	18,06,2002	-	Já	19xx		

<i>Lega og staðhættir</i>	<i>Heimildir og munnmæli</i>
Efst á hól, syðst í Öbrennishólma. Í móa.	Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1903. Reykjavík 1903. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1990. Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1988.

Lýsing

Rúst.
11 x 16 m (N - S), nánast sporöskjulaga. Veggir úr grjóti, ca. 2 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir.
Dyr eru hugsanlega mót S. Gólf eða botn rústarinnar er vel gróin grasi, lyngi og mosa. Í kring um rústina er mosapemban áberandi.
Rústin líkist að vissu leyti fjárborgum, en sporöskjulaga lögun hennar gerir það ekki.
Skammt frá rústinni, í jaðri hraunsins, liggur nýlegur slóði út í hraunið til SV. Nokkrar illa hlaðnar vörður eru við þennan stíg. Honum var ekki fylgt langt inn í hraunið.

Í lýsingu Brynjúlfs Jónssonar frá Minnanúpi á Öbrennishólma segir m.a.: „Í Öbrennishólma sjást engar rústir, utan aflangur hringur, vel 5 fðm. í þvermál á hól einum, og er það án efa fjárborg. Og þar litlu vestar liggur langur og digur garður, þvert upp eftir. Slitinn er hann sundur sumstaðar nú, en eigi mun svo hafa verið í fyrstu. Á einum stað t.d. hverfur hann undir hraunnef, en kemur undan því aftur hinumegin. Efst hverfur hann undir hraunnef.“ (1903:49-50). Garður þessi er friðlýstur (Fornleifaskrá 1990:12). Hann sást ekki við vettvangskönnun nú. Hugsanlega er garðurinn hluti af görðunum í Húshólma og þá mjög forn. Í sóknarlýsingu segir að fjárborgirnar séu tvær, misstórar (Sýslu- og sóknarl. 1988:214).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



<i>Ljósmyndari</i>	Bjarni F. Einarsson
<i>Filma nr./teg. myndar</i>	Olympus C-2040zoom

Athugasemdir

Rústin er ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að garðurinn nái undir hraunið og sé þar varðveittur að einhverju leyti.